

Ein lagskipt efnisgrein í efnisgrind



- Vinátta
 - Eignast vini fyrir lífstíð
 - Aðrir draga það í efa
 - Samkeppnisumhverfi ekki hollt vináttuböndum
 - Öfund og afbrýðisemi
 - Ekki svona einfalt
 - Ekki eru allir eins
 - Sumir verða e.t.v. afbrýðisamir yfir velgengni vina sinna
 - Aðrir samgleðjast þeim



Ein lagskipt efnisgrein í ritgerð

- Þátttakendum í fegurðarsamkeppni verður gjarnan tíðrætt um að þeir hafi eignast marga góða vini í keppninni. Margir hafa dregið þessar fullyrðingar í efa á þeirri forsendu að samkeppnisumhverfi sé ekki til þess fallið að bindast vináttuböndum. Auðvitað er málið samt ekki svona einfalt. Menn eru misjafnir að upplagi og bregðast þ.a.l. með ólíkum hætti við samkeppninni. Það kann að vera að sumir fyllist öfund og afbrýðisemi í garð þeirra sem vel gengur á meðan aðrir samgleðjast vinum sínum.